

6. fundur 2011 15. júní, allir aðalmenn mættu. Einnig Kristín Björk Guðmundsdóttir.

1. Skólastjóri ræðir skólamálin og gerir grein fyrir sjálfsmatinu sem verið er að vinna við skólann.

Kristín kynnti fyrir okkur sjálfsmatið og útlistaði fyrir okkur hvernig það er uppbyggt. Jafnframt kynnti hún sveitarstjórn niðurstöður spurninga sem lagðar voru fyrir kennara í MB og FVA hvað varðar árangur nemenda úr Laugargerðisskóla við þá skóla.

2. Ársreikningur 2010, seinni umræða.

Ársreikningur samþykktur samhljóða.

Helstu niðurstöðutölur:

Rekstrartekjur.		kr.	96.829.858
Rekstrargjöld	-	111.167.296	
Fjármunatekjur	-	9.348.103	
Tap ársins	-	4.989.335	
Eigið fé	-	194.887.403	
Eigið fé og skuldir	-	203.943.282	

Að þessu sinni er allur kostnaður við Laugargerðisskóla kominn inn í ársreikning hreppsins og því er samanburður milli ára óraunhæfur.

3. Reglur um fjárhagsaðstoð.

Ákveðið að fara eftir sömu reglum og Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga vinnur eftir.

Jafnframt ákveðið að umsóknir um fjárhagsaðstoð þurfi að vera skriflegar.

4. Skipulags- og byggingamál.

Oddviti greindi frá kynningarfundum um skipulags- og byggingamál sem hann sótti að Hvanneyri 30. 5. 2011. Þar sátu fulltrúar frá Skorradal, Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit ásamt oddvita. Þar kom fram að fulltrúar Skorradals og Borgarbyggðar vilja aukið samstarf um skipulags- og byggingamál. Aðrir voru ekki eins ginnkeyptir fyrir breytingum. Ákveðið að fylgjast með gangi mála.

5. Lóðarsala til Þórðar Runólfssonar.

Oddvita falið að ganga frá málum við Þórð á þeim forsendum sem um hefur verið rætt.

6. Kosningar.

a) oddviti til eins árs: Guðbjartur Gunnarsson endurkjörinn með 4 atkvæðum.

b) varaoddviti til eins árs: Halldór Jónsson endurkjörinn með 4 atkvæðum.

7. Önnur mál. Bréf.

Öryggi á sundstöðum.

Frá Þjóðskjalasafni um skil á eldri gögnum til safnsins.

Ákveðið að fá aðila til að fara yfir gögnin, bæði á Breiðabliki og í Laugargerðisskóla.

Ljósastaurar í Gröf sem og hellulögn.

Drög að reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Netkönnun/nettenging.

Oddvita falið að fá fagmann til að kortleggja stöðuna.

Atla Sveini falið að sjá um minkaeyðingu í öllum hreppnum.